

HUGMYNDIN

Okkar hugmynd er að hanna sófaeiningar úr gömlum dýnum sem myndu henta fyrir félagsmiðstöðvar, grunn- og leikskóla.

Sófaeiningarnar eru hannaðar með það í huga að hægt væri að kaupa X- mikið af sófaeiningum í mismunandi stærðum eftir aldri barna og hægt að festa þær saman og breyta uppsetningu eftir hentugleika.

Einingunum er þá raðað saman til þess að mynda þægilegan stað þar sem börn og leiðbeinendur geta komið saman.

**AF HVERJU DÝNUR?**

Við heimsókn á endurvinnslustöð og nokkur símtöl kom í ljós að rúmdýnur eru urðaðar í heild sinni og þar með mikil verðmæti með. Langflestar dýnur sem þú kaupir í dag endast að meðaltali í 7-10 ár áður en mælt er með að skipta. Eftir þennan tíma eru langflestar dýnurnar

urðaðar og þar með er líftíma þeirra lokið. Ef meðal Íslendingurinn lifir 82 ár þá eignast hann að meðaltali 8-10 dýnur yfir ævina sem er ótrúlegt magn þegar tekið er heilu þjóðina inn í myndina.

ÁSKORUNIN

Þegar þú kaupir dýnu og ætlar að losa þig við þá gömlu, kemstu fljótt að því með smá rannsóknarvinnu að það er í raun ekkert fyrirtæki eða stofnun sem tekur á móti dýnunni með það að markmiði að endurnýta eða endurvinnna innihald hennar.


Langflestar dýnur sem er farið með á Sorpu eru urðaðar í heild sinni, án þess að málmurinn/gormarnir séu skildir frá. Þar sem að ekki er til nógu stór tævari sem höndlar innihald dýnunnar, þar eru gormarnir stórt vandamál. Einnig ber að nefna að upplýsingarnar sem birtast neytandanum eru mjög misvísandi varðandi endurvinnsluferli rúmdýna.

Markmið okkar er að taka dýnur sem annars yrðu urðaðar, taka þær í sundur og nýta það sem hægt er að nýta og hanna vöru úr þeim. Það sem ekki er hægt að nýta er komið fyrir á viðeigandi stað sem dæmi bólstarafyrirtæki, Sorpu eða málmendurvinnslustöð.

FRAMTÍDARSÝN

Hægt væri að koma gömlum dýnum til okkar og við hönnum sófaeiningar úr innihaldsefni dýnanna, það sem ekki er hægt að nota verður komið fyrir á viðeigandi flokkunar og endurvinnslustöðvum. Einnig myndum við vilja bjóða upp á að sækja dýnurnar til fólks, sem væri auka hvati til þess að koma þeim í réttan farveg.

Við teljum það að lengja líftíma gamallar dýnu sé mjög stórt skref í áttina að ábyrgari neyslu þar sem að miklum verðmætum er fargað þegar fólk fer með dýnurnar sínar beint á haugana. Svo ekki sé talað um ábyrgu framleiðsluna sem færir fram hjá okkur. Í framtíðinni myndum við svo endurbæta hönnunina og auðvelda framleiðsluferla.

**SOFTBLOCK**

SOFTBLOCK er samsettur úr gömlum dýnum sem voru á leiðinni á haugana.

Innsta lagið eru pokagormar og bómullarfilt.

Næsta lag er svampur og ysta lagið er pólýester.

Áklæðið er gert úr endurnýttum gardínum og munstrið er úr afgangum af textíl-vínýl klippt niður í búta og pressað á.

Mynstrið er innblásið af Terrazzo flísam.

Rennilás er á áklæðinu til þess að auðvelda þrif.



Elísa Marie Guðjónsdóttir



Erla Lind Guðmundsdóttir



Eydís Rut Ómarsdóttir